# Kynin í fréttum
# Alþjóðleg fjölmiðlavöktun


Valgerður Jóhannsdóttir

Aðjúnkt í blaða- og fréttamennsku

HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD



Who MAKES THE NEWS?

- GMMP er umfangsmesta og langlífasta rannsókn á hlut karla og kvenna í fréttum
- 1995, 2000, 2005, 2010 og 2015
- Helstu fréttamiðlar í 114 löndum vaktaðir í einn dag, skoðað m.a kyn fréttamanna og viðmælenda og í hvers konar fréttum/ hlutverki þau birtust
- Ísland tók nú fullan þátt í annað skipti
- RÚV, Stöð 2, Bylgjan, Morgunblaðið, Fréttablaðið, visir.is, dv.is, eyjan.is, kjarninn.is, mbl.is og rúv.is.
- Alls kóðaðar 186 fréttir

Who MAKES THE NEWS?

## GMMP í 20 ár
## Hlutfall karla og kvenna sem viðmælendur/umfjöllunarefni í fréttum





Who MAKES THE NEWS?




HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD

# Konur *í* fréttum á Íslandi

– 1986: 13% viðmælenda í sjónvarpi

– Sigrún Stefánsdóttir (1990)

– 2000: 23% viðmælenda í sjónvarpsfréttum

– Nefnd um konur og fjölmiðla (2001)

– 2005: 24% viðmælenda í sjónvarpsfréttum

– Margrét Valdimarsdóttir (2005)

– 2010: 28% fjallað um eða rætt við konur

– GMMP (2010)

– 2013: 30% viðmælenda í sjónvarpsfréttum

– Valgerður Jóhannsdóttir & Ragnar Karlsson (2013)

– 2009-2013: 26-28% í fréttum og þáttum

– Félag kvenna í atvinnulífinu (2013)

Who MAKES THE NEWS?



Who MAKES THE NEWS?



# BLAÐAKONUR Á ÍSLANDI

Nýlega hittum við litla vinkonu okkar og hún sagði okkur, að nú væri hún loksins búin að ákveða, hvað hún ætlaði að verða, þegar hún væri orðin stór. „Ég ætla að verða annaðhvort flugfreyja eða blaðakona“. Þetta leiddi huga okkar að því, að þessar tvær starfsgreinar virðast vera mjög í tízku hjá kvenfólki um þessar mundir. Okkur datt í hug að gaman væri að grennslast fyrir um hversu margar stúlkur fengjust við blaðamennsku hér í Reykjavík og fórum á stúfana í því skyni. Niðurstaðan varð sú, að þær eru alls orðnar sjö, fjórar hjá Morgunblaðinu, tvær hjá Tímanum, ein hjá Alþýðublaðinu og ein hjá Ríkisútvarpinu. Fyrir örfáum árum voru þær aðeins tvær, svo að þeim hefur fjölgað ört í seinni tíð. — Á þessari opnu getur að líta allar starfandi blaðakonur á Íslandi og ofurlitlar upplýsingar um þær. (Ljósm. Fálkans, Jóhann Vilberg.)



Margrét Indriðadóttir var starfandi blaðakona við Morgunblaðið allt frá 1943, er hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri, og til 1949, að undanskildu einu og hálfu ári sem hún dvaldist við nám í Bandaríkjunum. 1. desember 1949 gerðist Margrét fréttakona við Ríkisútvarpið og hefur starfað þar síðan og kann mjög vel við sig. Margrét er gift Thor Vilhjálmssyni, rithöfundi.



Kristín Halldórsdóttir hefur starfað í fjóra mánuði við Tímann. Hún er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og hefur auk þess kennarapróf.



Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir hefur starfað í rúm þrjú ár við Alþýðublaðið. Hún hefur gengt ýmsum störfum hjá blaðinu, og nú síðast ritstýrt Sunnudagsblaðinu. Hólmfríður er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík.



Margrét Bjarnason hefur starfað í tvö ár við Morgunblaðið og vinnur mest við erlendar fréttir. Hún er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík. Um starfið segir hún: „Það er ljómandi skemmtilegt að fylgjast með hamaganginum í heiminum.“ Margrét er gift Oddi Bjarnasyni og eiga þau eitt barn.

Elín Pálmadóttir hefur starfað í fjögur ár við Morgunblaðið, en áður hafði hún verið fimm ár hjá Vikunni. Hún vinnur við innlendar fréttir og greinar. „Afskaplega skemmtilegt starf“ segir hún, „en getur orðið ósköp þreytandi, því að fréttirnar gerast ekki alltaf í vinnutímanum.“ Elín er stúdent frá Menntask. í Rvík.



Halldóra Gunnarsdóttir hefur unnið í tvö og hálft ár við Morgunblaðið. Hún er einkaritari ritstjóranna, þýðir, fer í viðtöl o. fl. Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri. „Fjörugt starf“ segir Halldóra. „Maður veit aldrei þegar maður fer í vinnu að morgni, hvernig dagurinn verður.“



Sólrún Jensdóttir hefur starfað í eitt og hálft ár við Morgunblaðið. Hún starfar aðallega við Dagbókina. Að menntun er hún stúdent frá Verzlunarskólanum. „Prýðilega lifandi starf,“ segir Sólrún, „en stundum dálítið erfitt.“



Fríða Björnsdóttir hafði aðeins starfað við Tímann í eina viku, þegar við hittum hana að máli. Hún vann áður við Ríkisútvarpið. Hún er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík. Eftir einnar viku kynni sín af starfinu kvaðst hún kunna bærilega við það. Hún er mest í fréttum.



# Konur á fjölmiðlum á Íslandi

- 1962: Átta konur vinna á fjölmiðlum
- 2014: Konur 43% á fjölmiðlum (Hagstofa Íslands)
- 2012: Konur 35%  á fréttamiðlum/stofum
- 2015: 31% fréttanna skrifaðar af konum (GMMP)
- Fáar meðal (æðstu) stjórnenda en hefur fjölgað nýlega (Rúv, 365)



- Ekki að sjá að konur væru síður viðmælendur í „hörðum“ fréttum, en karlar
- Fréttakonur fjalla ekki síður um „hörð“ mál, en fréttakarlar
- Fréttakonur líklegri til að tala við konur, en karlkyns kollegar þeirra

# Dagskráráhrif fjölmiðla

- Fjölmiðlar segi okkur EKKI hvað við eigum að hugsa, en hins vegar hafa þeir áhrif á hvað við hugsum UM

- Fréttir um mál sem varða konur sérstaklega
- Fréttir sem vísa til jafnréttis/mannréttinda
- Fréttir þar sem staðaímyndum er ögrað eða viðhaldið
- EKKI Á DAGSKRÁ

# Niðurstöður

- Konum fjölgar sem vinna ***á*** fjölmiðlum fjölgar
- Hlutur kvenna ***í*** fjölmiðlum eykst mun hægar